

boð um setu í Ferðamálaráði Vesturlands

Til : María Neves <maria.neves@borgarbyggd.is>
Frá : Margrét Björk Björnsdóttir <maggy@west.is>
Heiti : boð um setu í Ferðamálaráði Vesturlands
Málsnúmer : 2201143
Málsaðili : Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Skráð dags : 27.01.2022 11:15:01
Höfundur : Margrét Björk Björnsdóttir <maggy@west.is>

Viðhengi Ferðamálaráð Vesturlands-STARFSREGLUR-loka.pdf
[Ferðamálaráð Vesturlands-STARFSREGLUR-loka.pdf](#)
[image004.png](#)
[image002.png](#)
[image001.png](#)

Sæl, **María Neves**

- **Með þessu bréfi er þér boðið að taka sæti í fyrsta Ferðamálaráði Vesturlands, sem er ráðgefandi stýrihópur fyrir Áfangastaða- og Markaðssvið SSV .** Sjá upplýsingar um Áfangastaða- og markaðssvið SSV (Á &M): <https://ssv.is/afangastada-og-markadssvid/>

Undanfarin misseri hafa verið miklar breytingar á starfsemi stoðkerfis ferðamála á Íslandi. Stofnaðar hafa verið Áfangastaða- og markaðsstofur í samstarfi ríkis og samtaka sveitarfélaga í öllum landshlutum.

Áfangastaða- og markaðsstofum er ætlað að vinna að ýmsum gæða- og uppbyggingarverkefnum ferðamála, auk markaðssetningar – og kynningar á sínum landshluta, samkvæmt heildstæðri framtíðarsýn og markmiðum um uppbyggingu ferðamála sem sett hafa verið fram í stefnumótun Áfangastaðaáætlunar sem unnin var í hverjum landshluta. Sjá Áfangastaðaáætlun Vesturlands: <https://ssv.is/asa-vest-2021-2023/>

Áfangastaða- og markaðsstofur allra landshluta vinna einnig náið saman að ýmsum verkefnum til eflingar ferðaþjónustu á landsbyggðinni, auk þess að vera með samstarfssamninga og í virku samtali og samstarfi við Ferðamálastofu, Íslandsstofu og fleiri stoðaðila um eflingu ferðamála á Íslandi.

Eitt af áherslum okkar hjá Á &M er að efla samtal, samráð og samstarf við hagaðila ferðamála á Vesturlandi. Því var ákveðið að stofna Ferðamálaráð Vesturlands sem ráðgefandi stýrihópur til að setja upp farveg fyrir formlegt samráðsferli varðandi áherslur í starfsemi Áfangastaða- og markaðssviðs SSV.

Starfsreglur fyrir Ferðamálaráð Vesturlands voru samþykktar á stjórnarfundum SSV í gær 26.01.2022 – og fylgja hér með í viðhengi - en jafnframt var samþykkt á þeim fundi að kalla til sterkan hóp hagaðila til að sitja í FMRV fyrsta árið og vinna með okkur að stefnumótun og kynningu á starfi ráðsins, þannig að hægt væri að boða til upplýstrar kosningar í ráðið samkvæmt starfsreglunum næsta haust.


Nafnið þitt kom upp þegar við vorum að fara yfir mögulega aðila sem starfa með einhverjum hætti að ferðamálum á Vesturlandi og geta haft fjölbætta innsýn inn í ýmsa þætti ferðamála, samkvæmt þeim áherslum sem settar eru upp varðandi skipan í Ferðamálaráð Vesturlands.

Þú ert tilnefnd sem fulltrúi sveitarfélaga á Borgarfjarðarsvæðinu, þ.e. Borgarbyggðar og

Skorradalshrepps

- Vinsamlega láttu vita sem fyrst hvort þú sérð þér fært að taka þessu boði.

Reiknað er með að ferðamálaráð Vesturlands fundi 4-6 x á ári – sjá nánar í starfsreglum.



Með góðri kveðju / Best regards

Margrét Björk Björnsdóttir (Maggý)

- sviðsstjóri -

Áfangasta- & Markaðssvið SSV

+354 433 8820 / +354 864 2955

